

Efnisyfirlit	bls.
Inngangur (aðalfundur S.Í. 2013)	1
1. Skipan stjórnar og starfsnefnda	3
1.1. Verkaskipting stjórnar	3
1.2. Stjórnarfundir	6
1.3. Starfsmaður og skrifstofa	6
1.4. Lög og skáklög Skáksambands Íslands	7
1.5. Reglur og reglugerðir	16
2. Almenn mál og ýmis verkefni stjórnar	36
2.1. Ný aðildarfélög	36
2.2. Samningur S.Í. og Icelandair	36
2.3. Skáksskóli Íslands	36
2.4. Skak.is	40
2.5. Alþjóðlegir áfangar	41
2.6. Skákdagurinn – 26. janúar	41
3. Innlend mót	42
3.1. Opna Íslandsmótið í skák 2013	42
3.2. Unglingameistaramót Íslands 2013	45
3.3. Íslandsmót skákfélaga 2013-2014	45
3.4. Íslandsmót skákfélaga 2013-unglingafl.	48
3.5. Íslandsmót í Atskák 2012-úrslit	49
3.6. Skákþing Íslands – barnaflokkur 2014	49
3.7. Skákþing Íslands 2013-drengja-og telpnafl./ pilta-og stúlknafl.	53
3.8. Hraðskákmót Íslands 2013-Friðriksmót	55
3.9. Íslandsmót grunnskólasveita 2014	58
3.10. Íslandsmót barnaskólasveita 2014	59
3.11. Íslandsmót stúlkna 2014 – einstaklingskeppni	62
3.12. Íslandsmót grunnskólasveita 2014-stúlknafl.	65
3.13. Landsmót í skólaskák 2014	66
3.14. Íslandsmótið í netskák 2013	68
3.15. Minningarmót um Guðmund Arnlaugsson	69
3.16. Undankeppni fyrir NM stúlkna	72
3.17. N1 Reykjavíkurskák mótið 2014	72
4. Skákmót og landskeppnir erlendis	82
4.1. Evrópumót landsliða 2013	82

4.2.	Evrópumót einstaklinga 2013	82
4.3.	Evrópumót ungmenna 2013	83
4.4.	HM öldinga 2013	83
4.5.	Norðurlandamót 2013	83
4.6.	Norðurlandamót öldunga 2013	84
4.7.	Norðurlandamót barnaskólasveita 2013	84
4.8.	Norðurlandamót grunnskólasveita 2013	85
4.9.	Norðurlandamót í skólaskák – einstaklingskeppni 2014	86
4.10.	Norðurlandamót í skólaskák stúlkna 2014	87
4.11.	Erlend skákmót	88

5.	Skýrsla skákstiganefndar 2013-2014	92
-----------	-------------------------------------------	-----------

6.	Skýrsla æskulýðsnefndar	93
-----------	--------------------------------	-----------

Viðauki

Forsetar Skáksambands Íslands
 Heiðursfélagar Skáksambands Íslands
 Heiðursmerki Skáksambands Íslands
 Skákmeistarar Íslands 1913-2011
 Íslandsmeistarar kvenna 1975-2011
 Hraðskákmeistarar Íslands 1945-2011
 Atskákmeistarar Íslands 1988 – 2011
 Aðildarfélög Skáksambands Íslands

Ársreikningar og fjárhagsáætlun

Skýrsla stjórnar

**SKÁKSAMBANDS
ÍSLANDS**

fyrir starfsárið

11. maí 2013 til 9. maí 2014

Lögð fram á 89. aðalfundi

Inngangur

Aðalfundur Skáksambands Íslands 2013

Aðalfundur S.Í. 2013 var haldinn í húsnæði Taflfélags Reykjavíkur að Faxafeni 12 laugardaginn 11. maí.

Forseti, Gunnar Björnsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Forseti stakk upp á Ágústi Sindra Karlssyni sem fundarstjóra og Ríkharði Sveinssyni til vara. Ritari var tilnefndur Eiríkur Björnsson og Róbert Lagerman til vara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og kynnti fundargerð síðasta fundar sem lá fyrir fjölfölduð.

Ólafur H. Ólafsson gerði grein fyrir kjörbréfum og kannaði fundarsókn. Alls höfðu 14 félög innan S.Í. sent inn kjörbréf með 52 fulltrúa. Þó voru kjörbréf tveggja félaga, Sf. Hróksins og Sd. Breiðabliks, borin upp sérstaklega vegna ákvæða í lögum um að fjöldi fulltrúa á aðalfundi væri háður þátttöku í Íslandsmóti skákfélaga. Kjörbréf þessara félaga voru einnig samþykkt.

Gunnar Björnsson flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í starfsemi sambandsins á liðnu ári. Reykjavíkurmótið var haldið í Hörpunni á ný og voru keppendur fleiri en nokkru sinni eða 227 og tókst mótið vel í alla staði. Þá gat hann um landskeppnina sem haldin var við Kína og Íslandsmótið í skák en Þröstur Þórhallsson varð Íslandsmeistari eins og kunnugt er. Önnur mót sem forseti gat um í tölu sinni voru Íslandsmót kvenna, Íslandsmót skákfélaga en þar sigraði Víkingaklúbburinn í fyrsta sinn, Íslandsmót unglingsveita sem Taflfélag Garðabæjar hélt þar sem Fjölismenn unnu með fullu húsi, Friðriksmótið í desember, Norðurlandamótið í skólaskák sem SÍ stóð fyrir að þessu sinni og haldið var á Bifröst. Á Íslandsmótinu í atskák urðu tveir efstir og jafnir og verður úrslitaeinvígi háð í sjónvarpi á RÚV, 25. maí nk. Loks gat forseti um þátttöku Íslands á Ólympíumótinu í Tyrklandi og minntist stuttlega á atburði í aðdraganda þess móts. Þá gat Gunnar um 90 ára afmæli SÍ sem framundan er og minntist á hugmyndir sem því tengdust og í framhaldi af því sem gert hefði verið varðandi útbreiðslumál. Forseti ræddi einnig fyrirsjáanleg verkefni næsta árs og bar þar hæst Íslandsmótið í skák sem hefst í lok mánaðarins, Norðurlandamót kvenna sem verður í haust, Reykjavíkurskákamótið 2014 sem jafnframt er 50 ára afmælistmót, og síðan EM landsliða sem verður haldið á Íslandi, að líkindum í Laugardalshöll í nóvember 2015.

Helgi Árnason gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi SÍ. Reikningarnir höfðu legið fyrir um hríð og voru tiltækir á fundinum Umræður um ársreikning urðu engar og bar fundarstjóri þá upp strax og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Engar umræður urðu um störf stjórnar og afgreiðslu reikninga.

Helgi Árnason gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2013 - 2014. Hann gerði stuttlega grein fyrir markmiðum með henni og innihaldi en áætlunina er að finna aftast í ársskýrslunni. Fjárhagsáætlunin var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn:

Forseti: Gunnar Björnsson

Aðalstjórn: Helgi Árnason, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Pálmi R. Pétursson, Ríkharður Sveinsson, Róbert Lagerman, Stefán Bergsson.

Varastjórn: 1. Steinþór Baldursson, 2. Þorsteinn Stefánsson, 3. Óskar Long Einarsson, 4. Andrea Margrét Gunnarsdóttir.

Endurskoðendur voru kjörnir: Árni Björn Jónasson og Þráinn Vigfússon sem aðalmenn og Kristinn B. Þorsteinsson til vara.

Í kjörbréfanefnd voru kjörnir: Ólafur H. Ólafsson, Haraldur Baldursson og Georg Páll Skúlason. Til vara: Árni Á Árnason, Magnús Matthíason og Kristján Örn Elíasson.

Í dómstól S.Í. voru kjörnir: Halldór B. Halldórsson, Bragi Halldórsson og Ólafur H. Ólafsson. Til vara: Björgvin Jónsson, Hlíðar Þór Hreinsson og Andri Hrólfsson.

1. Skipan stjórnar og starfsnefnda

1.1. Verkaskipting stjórnar

Forseti: Gunnar Björnsson

Varaforseti: Pálmi R Pétursson

Gjaldkeri: Helgi Árnason

Ritari: Róbert Lagerman

Skákritari/vararitari: Ríkharður Sveinsson

Æskulýðsfulltrúi: Stefán Bergsson

Meðstjórnandi: Ingibjörg Edda Birgisdóttir

Varamenn í stjórn:

1. Steinþór Baldursson
2. Óskar Long Einarsson
3. Þorsteinn Stefánsson
4. Andrea Margrét Gunnarsdóttir

Skákmótanefnd:

Gunnar Björnsson formaður, Ríkharður Sveinsson, Vigfús Óðinn Vigfússon, Helgi Árnason, Páll Sigurðsson, Stefán Bergsson, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Steinþór Baldursson og Óskar Long Einarsson, Gunnar Freyr Rúnarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Aðalsteinsson.

Æskulýðsnefnd:

Stefán Bergsson formaður, Erla Hjálmarsdóttir, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Sigurður Arnarson, Páll Sigurðsson, Þorsteinn Stefánsson – auk þess mun formaður biðja um tilnefningar frá taflfélögunum.

Landsmótsstjóri:

Ingibjörg Edda Birgisdóttir

Mótsstjórn Íslandsmóts skákfélaga:

Sverrir Örn Björnsson formaður, Áskell Örn Kárason og Helgi Árnason.

Til vara: Pálmi R. Pétursson, Steinþór Baldursson, Óskar Long Einarsson.

FIDE fulltrúi:

Gunnar Björnsson

Fulltrúi í stjórn Skáksambands Norðurlanda:

Gunnar Björnsson.

Til vara: Pálmi R. Pétursson

Skákstiganefnd:

Ríkharður Sveinsson formaður, Omar Salama og Páll Sigurðsson

Skákminjanefnd:

Ríkharður Sveinsson formaður, Pálmi R. Pétursson, Róbert Lagerman, Helgi Ólafsson.

Landsliðs- og afreksnefnd:

Jón Gunnar Jónsson, formaður, Pálmi R. Pétursson, Stefán Bergsson, Jóhann Hjartarson, Gunnar Björnsson.

Kvennaskáknefnd:

Ingibjörg Edda Birgisdóttir formaður, Davíð Ólafsson, Róbert Lagerman, Lenka Ptacnikova og Andrea M. Gunnarsdóttir

Landsbyggðarnefnd:

Hermann Aðalsteinsson formaður, Áskell Örn Kárason, Tómas Veigar Sigurðsson, Sverrir Gestsson, Guðmundur Ingvi Jóhannsson, Sverrir Unnarsson, Hrafn Jökulsson, Sigurður Ægisson, Magnús Matthíasson og Unnar Ingvarsson.

Styrkjanefnd:

Gunnar Björnsson formaður, Ásdís Bragadóttir, Pálmi R. Pétursson, Óskar Long Einarsson

Öðlinganefnd:

Einar S. Einarsson formaður, Finnur Kr. Finnsson, Guðfinnur R. Kjartansson, Sigurður E. Kristjánsson og Össur Kristinsson

Fjárhagsnefnd:

Helgi Árnason formaður, Gunnar Björnsson, Andrea M. Gunnarsdóttir, Steinþór Baldursson, Pálmi R. Pétursson og Ásdís Bragadóttir

Laganefnd:

Pálmi R. Pétursson, formaður Haraldur Baldursson, Bragi Kristjánsson og Ágúst Sindri Karlsson

Framtíðarnefnd/Stefnumótun:

Andrea Margrét Gunnarsdóttir formaður.

Dómaranefnd:

Omar Salama formaður, Páll Sigurðsson, Ríkhartur Sveinsson, Ólafur Ásgrímsson og Róbert Lagerman.

Mótsnefnd Reykjavíkurskákámótsins:

Gunnar Björnsson, formaður, Pálmi R. Pétursson, Andrea Margrét Gunnarsdóttir, Helgi Árnason, Óskar Long, Róbert Lagerman, Omar Salama, Jón Þorvaldsson, Jón Gunnar Jónsson, Hrafn Jökulsson, Stefán Bergsson, Björn Þorfinnsson, Ingibjörg Edda Birgisdóttir, Birgir Örn Grétarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Steinþór Baldursson.

1.2. Stjórnarfundir

Stjórnin hélt alls 11 fundi á starfsárinu. Að venju unnu stjórnarmenn einnig að margskonar öðrum verkefnum vegna mótahalds, fjáröflunar og fleiri verkefna.

1.3. Starfsmaður og skrifstofa

Starfsemi á skrifstofu hefur verið með líkum hætti og undanfarin ár. Skrifstofan er opin virka daga kl. 9-13. Starfsmaður er Ásdís Bragadóttir og hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri S.Í. síðan 1. september 1987.

1.4. Lög og skáklög Skáksambands Íslands

Lög S.Í.

Samþykkt á aðalfundi 2013..

1. grein

Skáksamband Íslands er landssamband íslenskra skákfélaga. Það skal vera aðili að þeim alþjóðlegu samtökum skákmanna sem aðalfundur þess ákveður hverju sinni. Heimili sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.

Markmið skáksambandsins er:

- I. Að vera samtakaheild og yfirstjórn allra skákfélaga á Íslandi.
- II. Að efla íslenska skáklist og standa vörð um hagsmuni íslenskra skákmanna innan lands og utan.
- III. Að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis.
- IV. Að greiða fyrir samskiptum við skákmenn annarra þjóða.

3. grein.

Stjórn skáksambandsins skipa sjö menn, forseti, varaforseti, ritari, gjaldkeri, skákritari, æskulýðs-fulltrúi og meðstjórnandi. Stjórnin er kosin á aðalfundi sambandsins þannig, að fyrst er kosinn forseti, en síðan sex meðstjórnendur í einu lagi. Á sama hátt skal kjósa fjóra menn í varastjórn. Kjörtímabil skal vera eitt ár. Stjórnin skiptir með sér starfsheitum og verkefnum.

4. grein.

Forseti boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans. Stjórnarfundur er lögmaður ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sitja hann. Verði ágreiningur á stjórnarfundum skal bera afgreiðslu málsins undir atkvæði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði forseta úrslitum. Stjórnin ræður málefnum sambandsins, öðrum en þeim sem aðalfundur einn hefur ákvörðunarrétt um.

5. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands getur veitt félögum inngöngu í sambandið. Félag telst þó ekki fullgildur aðili þess fyrr en inntakan hefur hlotið samþykki aðalfundar. Félag sem sótt hafa um inntöku í S.Í. og hlotið samþykki stjórnarinnar til þess skulu fá aðgang að mótum S.Í. fram að næsta aðalfundi. Fulltrúar þeirra mega sitja aðalfund með tillögurétti og málfrelsi uns fjallað hefur verið um inngöngu þeirra á fundinum. Ekki má víkja aðildarfélagi úr sambandinu nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

6. grein.

Standi aðildarfélag í gjaldfallinni skuld við sambandið hefur það ekki rétt til að eiga fulltrúa á aðalfundi. Skákdeildir í félögum geta átt aðild að sambandinu, enda hafi þá minnst 10 menn bundist slíkum samtökum. Heimilt er tveimur eða fleiri aðildarfélögum í sama landshluta að stofna með sér svæðissamband.

7. grein.

Reikningsár Skáksambandsins hefst 1. janúar ár hvert. Ársreikningar skulu sendir aðildarfélögum og birtir á heimasíðu sambandsins 14 dögum fyrir aðalfund.

8. grein.

Aðalfundur er æðsta vald sambandsins. Hann skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Til hans skal boða bréflega a.m.k. 30 dögum fyrir fundinn. Fundurinn telst lögmætur ef rétt er til hans boðað. Á fundinum eiga sæti, auk stjórnarinnar, fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögum.

9. grein.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi á hvert félag eitt atkvæði enda hafi það a.m.k. 10 félagsmenn með lögheimili á Íslandi í Keppendaskrá Skáksambandsins tveim vikum fyrir aðalfund. Eitt atkvæði bætist við hjá félagi fyrir hverja sveit sem það sendir í Íslandsmót skákfélaga það árið. Við atkvæðagreiðslu um kjörbréf í upphafi fundar skal gilda sú regla, að hvert félag fari ekki með fleiri atkvæði en það hafði á aðalfundi árið áður. Enginn fulltrúi getur farið með meira en eitt atkvæði á fundinum. Við atkvæðagreiðslur á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema um þau mál sem sérstaklega eru tilgreind í þessum lögum.

10. grein.

Verkefni aðalfundar skulu vera þessi:

1. Forseti Skáksambandsins setur fundinn og lætur kjósa fundarstjóra og einn til vara og tvo fundarritara sem taka þegar til starfa.
2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn.
4. Forseti flytur skýrslu stjórnar.
5. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs.
6. Umræður um störf stjórnarinnar og afgreiðsla reikninga.
7. Inntaka nýrra félaga.
8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og tillaga stjórnarinnar um árgjöld til sambandsins. Almennar umræður og afgreiðsla.
9. Kosning stjórnar og varastjórnar.
10. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
11. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara, til að athuga kjörbréf fyrir næsta aðalfund.
12. Kosnir 3 menn í dómstól Skáksambands Íslands og þrír til vara.
13. Umræður og breytingar á lögum og keppnisreglum Skáksambandsins.
14. Önnur mál.

Röð verkefna má aðeins breyta með samþykki aðalfundar.

11. grein.

Aðalfundur getur kosið *heiðursfélag Skáksambands Íslands* eftir tillögu sambandsstjórnar.

12. grein.

Keppendaskrá Skáksambands Íslands:

Skáksambandið heldur keppendaskrá vegna Íslandsmóts skákfélaga. Sérstök reglugerð lýsir keppendaskránni og reglum um skráningu í hana.

13. grein.

Brot á lögum og reglum Skáksambandsins, svo og framkoma sem andstæð er almennu velsæmi og sönnum íþróttanda, eins og að hætta án gildra skýringa í skákmóti, hafa uppi svígurmæli um skákfélaga og annað þessu líkt, getur varðað refsingu annað hvort áminningu eða banni við keppni í einstöku móti eða mótum í tiltekinn tíma. Áfengisnotkun er bönnuð hjá þeim fulltrúum eða styrkþegum sem SÍ sendir á mót erlendis. Áfengisbannið varir á meðan á mótunum stendur. Einnig gildir þetta áfengisbann í Landsliðsflokki SPÍ. Dómstóll Skáksambands Íslands skal hafa fullnaðarúrskurðarvald um viðlög við brotum á ákvæði þessu. S.Í. skal í samráði við dómstólinn setja reglugerð um störf og valdsvið dómstólsins.

14. grein.

*Breytingar á lögum og skáklögum sambandsins verða einungis gerðar á aðalfundi, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði. Til að breytingar á lögum öðlist gildi þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða, en til breytinga á skáklögum nægir einfaldur meirihluti. Allar tillögur hér að lútandi ber að senda stjórn S.Í. með nægum fyrirvara til þess að unnt sé að senda þær út, stjórnnum aðildarfélaga til kynningar. **Allar lagabreytingartillögur verða að vera fluttar af stjórn SÍ, aðildarfélögum SÍ eða fulltrúum þeirra á aðalfundi. Til að tillaga verði tekin fyrir þarf tillöguflytjandi eða fulltrúi hans að vera viðstaddur á aðalfundi og mæla sjálfur fyrir tillögunni.***

15. grein.

Lög þessi túlkar stjórn Skáksambands Íslands.

16. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi eru jafnframt úr gildi fallin eldri lög Skáksambands Íslands.

Skáklög Skáksambands Íslands

Samþykkt á aðalfundi 2013.

1. kafli

Skákreglur og skákstjórn

1. grein.

Skákreglur Alþjóðaskáksambandsins (FIDE) gilda í sérhverri skákkeppni á vegum Skáksambands Íslands og félaga innan þess, nema annað sé sérstaklega auglýst.

2. grein.

Fyrir hverja skákkeppni, sem Skáksambandsstjórnin sér um framkvæmd á, skal skipaður skákstjóri sem annast stjórn keppinnar og úrskurðar deiluatíði. Úrskurður skákstjóra er endanlegur, nema um túlkun á skákreglum FIDE eða ákvæðum þessara laga sé að ræða, en þá getur deiluaðili áfrýjað til Dómstóls S.Í., sem þá hefur endanlegt úrskurðarvald. Ef áfrýjunarnefnd er í móti, kemur hún í stað dómstólsins.

2. kafli

Skákþing Íslands

3. grein.

Skákþing Íslands skal haldið ár hvert. Stjórn Skáksambands Íslands sér um framkvæmd þess. Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

- a) Landsliðsflokki.
- b) Áskorendaflokki, flokki undir 2000 skákstigum og flokki undir 1600 skákstigum.
- c) Unglingaflokki.
- d) Kvennaflokki.
- e) Flokki 15 ára og yngri
- f) Flokki 13 ára og yngri.
- g) Barnaflokki.

Skáksambandsstjórn er heimilt að sameina áskorendaflokk og unglíngaflokk, og skal þá sá, sem efstur er þeirra, sem ella hefðu keppt í unglíngaflokki hljóta þann titil og umbun, sem sigurvegari í unglíngaflokki hefði ella hlotið.

S.Í. skal einnig gangast fyrir Hraðskákmóti Íslands og Atskákmóti Íslands. Stjórnin ákveður hverju sinni þátttökugjöld og verðlaun.

Þátttökuréttur á Skákþingi Íslands er ekki skilyrtur við íslenskan ríkisborgararétt.

Íslandsmeistaratígn getur sá einn borið sem hefur heimild til að vera fulltrúi Íslands í öllum alþjóðlegum mótum.

4. grein.

Landsliðsflokkur

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í landsliðsflokki:

1. Þrír efstu menn í landsliðsflokki á síðasta Skákþingi Íslands, og einn til vara.
2. Tveir efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
3. Þrír stigahæstu menn landsins aðrir en þeir, sem falla undir lið 1. eða 2, og tveir til vara
4. Aðrir keppendur valdir af stjórn Skáksambands Íslands.

Skáksambandsstjórn skal a.m.k. tveim mánuðum áður en keppni í landsliðsflokki hefst, tilkynna hversu margir keppendur verða og hvar keppnin verður haldin. Jafnframt skal tilkynna hvaða menn hafi rétt til þátttöku skv. tl. 1-3 og gefa þeim hálfsmánaðar frest til að ákveða hvort þeir tefli. Mánuði áður en keppnin hefst skal Skáksambandsstjórn hafa valið þá sem hún býður til þátttöku.

Við val á keppendum, skv. 3. og 4. tl., hér að framan, skal stjórn Skáksambandsins hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 30 kappskákir á undanförunum 24 mánuðum. Stjórn S.Í. hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.

5. grein.

Efsti maður í hverjum flokki hlýtur nafnbótina Skákmeistari Íslands (í viðkomandi flokki). Verði tveir eða fleiri keppendur efstir og jafnir skal stjórn Skáksambands Íslands ákveða fyrirkomulag. Það fyrirkomulag þarf að liggja fyrir með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara fyrir mót. Í öðrum flokkum en landsliðsflokki skal einnig gilda sú regla að ef tveir eða fleiri keppendur verða jafnir að vinningum í þeim sætum, sem veita meistaratitil, sæti í landsliðsflokki, eða önnur mikilvæg réttindi, þá skal stjórn SÍ ákveða fyrirkomulag sem kynna þarf með góðum fyrirvara fyrir mót.

6. grein.

Styðjast skal við mótareglur FIDE (Fide Tournament Rules) varðandi aðstæður í keppnissal og aðbúnað keppenda í landsliðsflokki. Nánari leiðbeiningar eru í sérstakri reglugerð.

7. grein.

Áskorendaflokkur

Í áskorendaflokki skulu tefldar níu umferðir eftir monrad eða svissnesku kerfi. Flokkurinn skal opinn öllum, sem ekki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki. Ef þátttakendur eru færri en 20 má fækka umferðum. Skáksambandsstjórn skal með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara tilkynna hvar og hvenær flokkurinn fari fram.

8. grein.

Kvennaflokkur

Stjórn Skáksambands Íslands skal árlega ákveða fjölda keppenda og keppnisfyrirkomulag í landsliðsflokki kvenna. Síðasti Íslandsmeistari skal ávallt eiga rétt á þátttöku.

9. grein.

Unglinga- og barnaflokkar

Í unglingaflokki eiga þátttökurétt þeir sem verða 20 ára á almanaksárinu og yngri. Í flokki 15 ára og yngri eiga þeir þátttökurétt sem verða 15 ára og yngri á almanaksárinu. Í flokki 13 ára og yngri eiga þeir þátttökurétt sem verða 13 ára og yngri á almanaksárinu. Í barnaflokki eiga þeir þátttökurétt sem verða 11 ára og yngri á almanaksárinu.

10. grein.

Ef vafi leikur á um rétt keppenda til þátttöku í einstökum flokkum, sker skáksambandsstjórn úr því. Dómstóll S.Í. úrskurðar um allan ágreining, sem upp kann að koma varðandi túlkun þessara skáklaga.

11. grein.

Hraðskákmót Íslands

Stjórn SÍ. ákveður tímasetningu hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins. Sigurvegari hlýtur nafnbótina *Hraðskákmeistari Íslands*.

12. grein.

Atskákmót Íslands

skal haldið í einu þrepi. Öllum er heimil þátttaka og skal teflt með útsláttarfyrikomulagi. Raðað verður í mótið skv. atskákstigum og ákvæðum reglugerðar stjórnar S.Í. um mótið.

13. grein.

Umhugsunartími.

Skáksamband Íslands ákveður tímamörk á skákmótum á vegum sambandsins í samræmi við reglur FIDE, alþjóðaskáksambandsins. Tímamörk skulu auglýst um leið og dagsetningar viðkomandi skákmóts.

14. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands lætur reikna a.m.k. tvisvar á ári skákstig fyrir íslenska skákmenn, sem þátt taka í skákmótum á vegum sambandsins eða aðildarféлага þess. Stjórn Skáksambandsins setur nánari reglur um hvaða skilyrði skákmót þurfa að uppfylla til að vera tekin til útreknings.

15. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands skal skipa landsliðsainvald bæði í opnum flokki og í kvennaflokki. Landsliðsainvaldarnir skulu annast val á landsliði Íslands í skák hverju sinni. Skákmeistari Íslands og Íslandsmeistari kvenna skulu ávallt eiga sæti í landsliði Íslands. Skákmeistari Íslands í opnum flokki skal hafa rétt til að tefla fyrir Íslands hönd í undankeppni heimsmeistaramóta (nú EM einstaklinga). Að öðru leyti hafa landsliðsainvaldar frjálsar hendur um val á keppendum og taka á því fulla ábyrgð í samræmi við gildandi keppnis- og agareglur SÍ. Stjórn SÍ skal veita landsliðsainvöldum viðeigandi stuðning í þeirra störfum. Stjórn S.Í. skal tryggja að skákmenn, sem tefla fyrir Íslands hönd í einstaklings- eða liðakeppni og eru sendir á slík mót á vegum S.Í., fái viðeigandi þjálfun hjá færum þjálfara eða þjálfurum. Yfirumsjón og skipulagning þessarar þjálfunar er í höndum landsliðsainvalda.

3. kafli

Íslandsmót skákfélaga

16. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands gengst árlega fyrir Íslandsmóti skákfélaga. Keppnin er sveitakeppni og eiga öll skuldlaus taflfélög eða svæðasambönd innan S.Í þátttökurétt. Stjórn S.Í. skal ákveða keppnisdaga og þátttökugjöld fyrir 1. september ár hvert.

17. grein.

Keppninni skal skipt í fjórar deildir. Efsta sveit í 1. deild er sigurvegari keppinnar. Fjöldi vinninga skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í deildum þar sem allir tefla við alla. Verði vinningar jafnir, skulu liðsstig (matchpoints) ráða. Fjöldi liðstiga (matchpoints) skulu ráða úrslitum um endanlega röð í deildum þar sem teflt er eftir svissneska kerfinu. Verði liðstigin jöfn skulu vinningar ráða. Hvert félag á rétt á að senda svo margar sveitir til keppinnar sem það óskar. Þó mega ekki vera fleiri en tvær sveitir frá nokkru félagi í fyrstu deild og ekki fleiri en fjórar samanlagt í fyrstu og annarri deild. Þó er félögum sem hafa með sér svæðissamband, heimilt að sameinast um eina eða fleiri sveitir.

18. grein.

Tíu lið skulu vera í fyrstu deild, átta lið í 2. deild og fjórtán lið í þriðju deild. Stjórn S.Í. hefur rétt til að fjölga eða fækka liðum í þriðju og fjórðu deild þygi henni ástæða til. Tvö efstu lið annarrar og þriðju deildar og þrjú efstu lið fjórðu deildar færast upp í lok keppnistímabils en tvö neðstu lið fyrstu og annarrar deildar og þrjú neðstu lið þriðju deildar færast niður.

Sérákvæði sem falli út eftir 1. janúar 2014:

Breyting þessi taki gildi keppnistímabilið 2013-2014.

Vegna fjölgunar í 10 lið í fyrstu deild skal eitt aukalið færast upp í 1. og 2. deild miðað við úrslitin 2013-14 en segir í 18. grein. Einnig falli einu færra lið en ella.

Nánar:

- 1. deild: Eitt lið falli niður í 2. deild – þrjú lið upp úr 2. deild (fjölgun úr átta í tíu)
- 2. deild: Eitt lið falli niður í 3. deild – þrjú lið upp úr 3. deild (áfram átta)
- 3. deild: Þrjú lið falli niður í 4. deild – þrjú lið upp úr 4. deild (fækkun úr sextán í fjórtán)
- 4. deild: Óbreytt

19. grein.

Aðeins þeir sem eru í Keppendaskrá Sí teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga (fyrri – og seinni hluta). Þó eru þeir skákmenn sem eru án skákstiga og án félags undanþegnir því að þurfa að vera í Keppendaskránni.

Tilkynning skákmanns skv. 2.gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins skal hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga ella getur hann ekki teft fyrir sitt nýja félag í því.

Athugasemdir vegna Keppenda-skrárinnar skulu hafa borist Sí viku fyrir mót og Sí að úrskurða í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Eftir fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga er skákmanni með lögheimili á Íslandi heimilt að ganga í taflfélag og tefla fyrir nýja taflfélagið sitt í seinni hlutanum, að því gefnu að hann hafi ekki teft fyrir gamla taflfélagið sitt í fyrri hlutanum. Til að skákmenn teljist löglegir með hinu nýja félagi skulu slíkar breytingar vera tilkynntar 20 dögum fyrir síðari hlutanum.

20. grein.

Keppendur skulu vera skráðir í keppendaskrá Skáksambandsins sem félagsmenn þeirra taflfélaga sem þeir tefla fyrir. Raða skal keppendum í sveitir og borð eftir styrkleika. Fyrir upphaf 1. umferðar fyrri hluta ÍS skulu félögin skila inn styrkleikaröðuðum lista allra þeirra keppenda sem þau hyggjast nota í keppninni. Ekki er leyfilegt að breyta þeirri röð eftir að keppni hefst. Keppandi getur flust upp eða niður um sveit hvenær sem er keppinnar en heildarröð keppenda verður að haldast. Komi lið ekki til keppni án ásættanlegra orsaka að mati skákstjóra tapar það skákum á öllum borðum. Komi slíkt fyrir tvisvar skal liðið dæmt úr keppninni. Í hverri viðureign mega að hámarki tveir liðsmenn hvernar sveitar vera erlendir ríkisborgarar, nema að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi síðustu 12 mánuði fyrir keppni.

21.grein.

Stjórn Skáksambandsins skal árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögmæti keppenda ef beiðni um athugun á lögmæti viðkomandi liggur fyrir eða ef kæra berst mótsstjórninni. Beiðni um athugun og/eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd innan 48 tíma eftir að umferð lýkur í þeirri umferð sem ólöglegur keppandi telst hafa teft í. Mótsstjórn skal kynna framkomna kæru eða beiðni því félagi sem teflir fram keppandanum og gefa félaginu stúttan frest til að koma fram andmælum. Úrskurður skal liggja fyrir innan 48 tíma frá því að athugun og/eða kæra barst. Úrskurðir Mótanefndar skulu rökstuddir og afrit þeirra afhent báðum málsaðilum innan klukkustundar eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp. Ef keppandi er úrskurðaður ólöglegur, skal viðkomandi viðureign tapast 2-6 hið minnsta þegar um er að ræða 8 manna lið en 1,5-4,5 þegar um er að ræða 6 manna lið. Tapist viðureignin hins vegar enn stærra standa þau úrslit og skal skák ólöglegs keppenda ávallt teljast töpuð. Úrskurði mótsstjórnar má skjóta til Dómstóls SÍ og skulu slík erindi hafa verið send Dómstólum innan þriggja sólarhringa frá því að úrskurður Mótanefndar lá fyrir. Dómur Dómstóls S.Í. skal liggja fyrir eigi síðar en 5 sólarhringum eftir að erindið barst. Skákstjóri úrskurðar um önnur vafaatriði.

22.grein

Stjórn S.Í. setur reglugerð um nánari framkvæmd Íslandsmóts skákfélaga.

1.5. Reglur og reglugerðir

Styrkveitingar Skáksambands Íslands

Almennar reglur og viðmið

Aðalmarkmið styrkveitinga stjórnar Skáksambands Íslands til einstaklinga er að styðja við bakið á þeim skákmönnum sem sýnt hafa mestar framfarir, metnað og ástundun á síðustu 12 mánuðum, og þykja því líklegastir til að ná enn lengra í nánustu framtíð.

Styrkjum frá SÍ er ekki ætlað að styrkja hinn almenna skákáhugamann til farar erlendis, heldur einungis þá sem þykja skara fram úr. Sérstök áhersla er lögð á yngri skákmenn sem eru tilbúnir til að leggja á sig þjálfun til að standa sig á þeim mótum sem styrkbeiðni liggur fyrir um.

Við allar úthlutanir á að vera lögð áhersla á jafnrétti kynjanna og að þeim stúlkum sem skarað hafa fram úr í hverjum aldursflokki sé gert kleift að afla sér reynslu á skákmótum erlendis til jafns á við stráka. Sams konar kröfur um ástundun, árangur og framfarir eru hins vegar gerðar til stúlkna og drengja, kvenna og karla, hvað styrkjaúthlutanir varðar.

A. Viðmið við styrkjaúthlutanir

1. Styrkhafar SÍ þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Ø Hafa teft 50 kappskákir á síðustur 24 mánuðum.

Ø Hafa sýnt umtalsverðar framfarir á sl. 12 mánuðum, sem sjáist m.a. á árangri á skákmótum ársins, hækkun skákstiga og reglulegri þjálfun.

2. Ungir skákmenn (20 ára og yngri) hafa forgang þegar kemur að úthlutun styrkja. Eftirfarandi börn og unglingar njóta sérstaks forgangs:

Ø Undir 12 ára: 2 stigahæstu og/eða þeir sem hækkað hafa mest á stigum undanfarna 12 mánuði (bæði í stráka- og stúlknaflokkum)

Ø 12-16 ára: 2 stigahæstu og/eða þeir sem hækkað hafa mest á stigum undanfarna 12 mánuði (bæði í stráka- og stúlknaflokkum)

Ø 16-20 ára: 2 stigahæstu og/eða þeir sem hækkað hafa mest á stigum undanfarna 12 mánuði (bæði í stráka- og stúlknaflokkum)

Skákmenn 25 ára og yngri sem þykja hafa sýnt umtalsverða framför á síðastliðnum 12 mánuðum, og sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru að ofan, hafa einnig forgang.

3. Alþjóðlegir meistarar geta fengið styrk frá SÍ óháð aldri. Þeir þurfa hins vegar einnig að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Ø Hafa teflt 50 kappskákir á síðustu 24 mánuðum.

Ø Hafa sýnt umtalsverðar framfarir á sl. 12 mánuðum, sem sjáist skýrt á árangri á skákmótum ársins, hækkun skákstiga og reglulegri þjálfun.

4. Umsóknareyðublöð og skil

Ø Allir sem sækja um styrk til SÍ þurfa að leggja fram umsókn á þar til gerðu eyðublaði. Þar á að koma fram hvers vegna tiltekið skákmót er valið og hvers vegna viðkomandi telur að hann hafi rétt á styrk frá SÍ skv. ofangreindum skilyrðum.

Ø Sem fylgiskjöl við umsókn skal lögð fram æfingaáætlun þar sem þjálfun fyrir tiltekið mót, sem og ástundun, stúderingaplan og þátttaka á skákmótum næstu 3 mánuði er skýrð.

Ø Ef umsókn er ófullnægjandi og ekki skilað á þann hátt sem að ofan greinir, er henni sjálfkrafa vísað frá.

5. Styrkir SÍ eru veittir fjórum sinnum á ári og verða umsóknir að hafa borist á tilskildum auglýstum tíma fyrir úthlutun hvers tímabils, annars er þeim vísað frá. Sérstök styrkjanefnd, skipuð af stjórn SÍ, fer yfir allar umsóknir og gerir tillögur til stjórnar um afgreiðslu styrkja hverju sinni.

Umsóknarfrestur til 31. des fyrir tímabilið janúar – mars

til 31. mars fyrir tímabilið apríl – júní

til 30. júní fyrir tímabilið júlí – september

til 30. sept. fyrir tímabilið október – desember.

6. Að jafnaði getur enginn fengið meira en 60.000 krónur á ári í styrk frá SÍ, nema þegar hann er fulltrúi Íslands á alþjóðlegum mótum erlendis. Ef einhver þykir skara sérstaklega fram úr á sl. 12 mánuðum er þó hægt að gera undantekningu á þessari reglu og hækka árlegan styrk til viðkomandi aðila.

B. Skyldur styrkþega gagnvart SÍ:

7. Öllum þeim sem þiggja styrk er skylt að tefla sem fulltrúar Íslands á þeim alþjóðlegu skákmótum og meistaramótum sem Skáksamband Íslands velur þá til.
8. Að loknu móti verða styrkþegar að jafnaði beðnir um að senda Tímaritinu Skák stutta frásögn og skýra skák frá mótinu sem þeir hlutu styrk til að taka þátt í.
9. Ef stjórn SÍ fær áreiðanlegar upplýsingar um ósæmilega og vítaverða hegðun styrkþega á skákstað (t.d. áfengisnotkun á meðan á móti stendur) og ef styrkþegi hættir í skákmóti án löglegra forfalla, mun viðkomandi verða sviptur þeim styrk sem honum var veittur. Viðkomandi mun auk þess ekki koma til greina við úthlutun styrkja SÍ næstu 12 mánuði.

Reglur um áfangastyrki og boð á EM-einstaklinga

Stórmeistara áfangar: SÍ veitir íslenskum skákmanni sem nær stórmeistara áfanga karla 300þús krónur. Hægt er að fá tvo þannig styrki.

Alþjóðlegir áfangar: SÍ veitir íslenskum skákmanni sem nær alþjóðlegum áfanga karla 100þús krónur. Hægt er að fá þrjá þannig styrki.

Áfangastyrkir eru ekki veittir þeim sem hafa náð viðkomandi titlum.

EM-einstaklinga í opnum flokki:

Sigurvegari á Skákþingi Íslands er sendur af SÍ á næsta EM-einstaklinga.

Ef íslenskur skákmaður,

- a) nær að fara yfir 2600 FIDE-stig síðustu tólf mánuði fyrir EM
- b) eða vinnur Reykjavíkurmótið (jafnt efsta sæti nægir)
- c) eða nær árangri 7.umferða eða lengra skákmóti, sem mælist sem frammistaða ("performance") upp á 2670 FIDE-stig eða meira og innifelur GM-áfanga árangur

þá býður SÍ honum á næsta EM einstaklinga.

Ef stutt er frá því að réttur til EM náðist fram að næsta móti, er heimilt að taka boðið út á þarnaesta EM í staðinn.

EM-einstaklinga í kvennaflokki:

Ef íslensk skákkona nær,

a) alþjóðlegum áfanga karla

b) eða nær árangri í 7.umferða eða lengra skákmóti sem mælist sem frammistaða ("performance") upp á 2450 FIDE-stig eða meira og innifelur WGM-áfanga árangur

þá býður SÍ henni á næsta EM-einstaklinga í kvennaflokki.

Ef stutt er frá því að réttur til EM náðist fram að næsta móti, er heimilt að taka boðið út á þarnaesta EM í staðinn.

Skýringar á reglum um verðlaun til handa þeim sem vinna sér inn áfanga að alþjóðlegum meistaratitlum.

- Allir nýir áfangar sem nást viðurkennast til verðlaunanna, óháð fjölda þeirra á árinu.
- Einu takmörkin eru varðandi fjölda þeirra áfanga sem hver einstaklingur nær þar til titlarnir eru í höfn, þ.e. hámark þrjú AM og tveir SM (þriðji áfanginn jafngildir launum). Þessi takmörk gilda, ekki aðeins fyrir árið, heldur ævina.
- Í ljósi breyttra reglna FIDE um gildi eldri áfanga er nauðsynlegt að taka fram að verðlaun verða ekki veitt vegna áfanga sem náðust fyrir samþykkt reglna þessa.

Reglugerð um þátttöku barna og unglunga á alþjóðleg barna- og unglungaskákmótum FIDE og Evrópuskák sambandsins.

1. Þau börn og unglungar sem uppfylla lágmarks stig SÍ (sjá töflu) eru valin sem fulltrúar Íslands á alþjóðleg barna- og unglungamót FIDE og Evrópuskák sambandsins, svo framalega sem þau mót séu sett á dagskrá af SÍ, og svo framarlega sem fulltrúar Íslands standist frekari kröfur eins og kveðið er á um í þessari reglugerð eins og virkni og þátttöku á NM í skólaskák.
2. Ef barn eða unglungur er með þann styrkleika sem talinn er þurfa til að lenda í miðjum hópi eða ofar á HM/EM barna og unglunga (sjá töflu), þá skilgreinir SÍ þann einstakling sem afreksbarn eða afreksungling.
3. Afreksunglingum og afreksbörnum er boðið á þau mót sem SÍ setur á dagskrá og er meirihluti ferðakostnaðar greiddur. Miðað er við að afrekskrakkar taki þátt í ferðakostnaði sem nemi þriðjung. Aðrir fulltrúar Íslands greiða sinn ferðakostnað sjálfir, en er bent á styrki úr almenna styrktarkerfi SÍ og einnig getur þeim staðið til boða kjör eins og ókeypis uppihald frá mótshöldurum.

4. Efnir SÍ til sérstakar fjáröflunar vegna þátttöku á þessum mótum er keppendum skylt að taka þátt í þeirri fjáröflun.

5. Eftirfarandi tafla segir til um þann styrkleika sem SÍ setur sem lágmark og einnig tilgreinir hún afreksmörkin. Miðað er við íslensk skákstig. Aldur miðast við afmæli á viðkomandi ári. T.d. teljast þeir 11 ára sem fæddir eru árið 2000, fyrir mót á árinu 2011. Afreksmörkin eru unnin úr mótstöflum EM&HM barna og unglunga árið 2010.

	Drengir		Stúlkur	
Aldur	Lágmark	Afreks	Lágmarks	Afreks
11 ára	1400	1650	1300	1475
12 ára	1500	1750	1350	1575
13 ára	1600	1850	1400	1675
14 ára	1700	1950	1450	1775
15 ára	1800	2040	1500	1850
16 ára	1900	2125	1550	1925
17 ára	2000	2190	1600	1975
18 ára	2100	2250	1650	2025
19 ára	2150	2300	1700	2075
20 ára	2200	2350	1750	2125

6. Vegna ónákvæmni fyrstu stiga skal lágmarksfjöldi skáka vera 25 til þess að þau séu marktæk.

7. Fyrir börn yngri en 11 ára metur ráðgjafarnefnd skipuð af stjórn SÍ hver þeirra eiga erindi á alþjóðleg barnamót, einnig metur sama nefnd hver þeirra teljast til afreksbarna. Ráðgjafarnefnd skilar álitni hvað þetta varðar til SÍ.

8. Ráðgjafarnefndin skal skipuð skólastjóra Skákskólans og tveim öðrum aðilum sem taldir eru þekkja vel til ungra skákmanna og geta metið getu og framtíðarhorfur þeirra. Stjórn SÍ skipar nefndina og tekur allar lokaákvarðanir.

9. Lágmarks virkni til að geta keppt sem fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni barna og unglunga skal vera; að hafa teflt 25 kappskákir reiknaðar til íslenskra stiga á síðustu 12 mánuðum. Þó skal tekið tillit til aðstæðna ungra skákmanna af landsbyggðinni og barna yngri en 11 ára.

10. Við upphaf hvers starfstímabils stjórnar SÍ (1.júní) skal stjórnin í samráði við Skákskóla Íslands ákveða í hvaða barna- og unglíngamótum Ísland taki þátt frá 1.júlí fram til 30.júní næsta ár. Um leið eru þeir einstaklingar sem uppfylla stigalágmörkin og afreksmörkin útnefndir og gildir útnefningin til áramóta. Að lokinni birtingu stigalista 1. desember er á sama hátt útnefnt og gildir sú útnefning frá 1.janúar til 30.júní. Stjórn SÍ er heimilt að veita undanþágu frá stigalágmörkum og virknireglum við sérstakar aðstæður. Einnig getur stjórnin að undangenginni ráðleggingu ráðgjafarnefndarinnar hækkað einstakling upp í afrekshópinn.

11. Þátttaka í opnum flokki í NM í skólaskák er skilyrði fyrir vali á önnur mót á vegum SÍ. Stjórn SÍ og Skákskólinn meta hvort forföll keppenda sem voru valdir á NM séu réttmæt.

12. Miðað er við að SÍ greiði kostnað við fararstjóra ef fleiri en tveir keppendur fara á mót.

Samþykkt á stjórnarfundum í júní 2011

Reglugerð um þátttöku Íslands á NM í skólaskák

- opinn flokkur og stúlknaflokkur

1. Keppni í NM í skólaskák fer fram í eftirfarandi flokkum:

A flokkur: 18-20 ára.

B flokkur: 16-17 ára

C flokkur: 14-15 ára

D flokkur: 12-13 ára

E flokkur: 11 ára og yngri

Ísland sendir ávallt tvo keppendur í hverjum flokki og borgar SÍ ferðakostnað þeirra.

2. Í A og B flokk eru valdir tveir stigahæstu skákmennirnir. Forfallist þeir er farið niður stigalistann.

3. Í C og D flokk er valinn stigahæsti einstaklingurinn í hvorum flokki. Í E-flokki á Íslandsmeistari barna þátttökurétt. Seinni keppandi og varamenn í C,D og E flokki eru tilnefndir af sérstakri ráðgjafarnefnd, þeirri sömu gerir tillögu að keppendum yngri en 11 ára á HM og EM. SÍ tekur allar lokaákvæðanir.

4. Keppendur í A, B, C og D flokki skulu hafa teflt 25 skákir síðasta árið til að hafa þátttökurétt. Sérstaklega skal tekið tillit til keppenda af landsbyggðinni.

13. Keppendum á NM í skólaskák skal gerð grein fyrir vali SÍ um leið og það liggur fyrir.

Samþykkt á stjórnarfundum SÍ í júní 2011

Reglugerð

fyrir Dómstól Skáksambands Íslands

Dómstóll Skáksambands Íslands er kosinn á aðalfundi Skáksambandsins og skipa hann þrír menn og þrír til vara. (Æskilegt er að einn dómara og einn varadómara sé lögfræðingur, en hinir hafi réttindi skákdómara.)

Hlutverk dómstólsins er að úrskurða um ágreining, er kemur upp um túlkun á skáklögum Skáksambands Íslands, sbr. 10. gr. þeirra laga, að fella fullnaðarúrskurð um viðurlög við brotum á 13. gr. laga um Skáksamband Íslands og vera áfrýjunardómstóll vegna úrskurða skákstjóra í skákmótum, sem reiknuð er til alþjóðlegra skákstiga, um túlkun á skáklögum F.I.D.E og skáklögum Skáksamband Íslands sbr. 2. gr. þeirra laga.

Aðsetur dómstólsins er á skrifstofu Skáksambands Íslands, sem varðveitir skjöl hans og gerðarbækur.

2. gr.

Aðilar máls eru þessir:

1. Ef ágreiningur snýst um úrskurð skákstjóra, eru aðilar viðkomandi skákmenn ef um er að ræða skákmót, en ef um er að ræða sveitakeppni, eru það viðkomandi skákfélög. Þó geta einstakir skákmenn ætíð kært, ef ágreiningur snýst um úrslit einstakra skáka. Sá aðili, sem kærir úrskurð skákstjóra, telst sóknaraðili, en sá, sem nýtur úrskurðarins, telst varnaraðili. Sama gildir, ef ágreiningur fellur undir 10. gr. skáklaga Skáksambands Íslands.
2. Ef dómstóllinn úrskurðar um viðurlög við brotum á 13. gr. laga um Skáksamband Íslands, skal sá, er krefst viðurlaganna, vera sóknaraðili. Aðilar slíks máls eru annars vegar sá, er kæran beinist gegn, en hins vegar sá, er telur á brotið á sér, skákstjóri viðkomandi skákmóts, mótshaldari eða stjórn Skáksambands Íslands.

3. gr.

Sá, er kæra vill til dómstólsins, skal koma skriflegri kæru í tveimur eintökum til skrifstofu Skáksambands Íslands, til einhvers hinna þriggja aðaldómara, eða til aðalskákstjóra viðkomandi skákmóts. Sá, er tekur á móti kærinni, skal árita bæði eintök um klukkan hvað og hvenær kæran var móttekin, og skal kærandi fá annað eintakið. Heimilt er að senda kæru til skrifstofu Skáksambands Íslands í símbréfi, með tölvupósti eða símskeyti, og fær þá kærandi kvittað afrit hjá skrifstofu Skáksambands Íslands. Kæra er gild, þótt hún berist aðeins í einu eintaki.

Í kærri skv. 1. tl. 2. gr. skal greina:

- a) Hver hin kærða ákvörðun eða túlkun er
- b) hverjir eru aðilar málsins
- c) á hvaða grunni kærán er reist.

Í kærri skv. 2. tl. 2. gr. skal greina:

- a) Hver er sakaður um brotið
- b) hvert hið meinta brot er
- c) hvaða viðurlaga er krafizt
- d) á hvaða grunni kærán er reist.

4. gr.

Kærufrestur er einn sólarhringur, ef atvik varða framkvæmd skákmóts, sem er hafið. Hann telst frá lokum þeirrar skákar, er kært er út af, ef um er að ræða einstaka skák; en ef um er að ræða skák í skákmóti, þá einn sólarhringur frá reglulegum lokum þeirrar umferðar, sem skákin var tefld í.

Ef um er að ræða aðra úrskurði skákstjóra telst fresturinn frá því, að sóknaraðila var kunnugt um úrskurðinn. Ef um er að ræða sveitakeppni, telst fresturinn frá því, að skákstjóri kunngerði fyrirliða eða liðsstjóra um úrskurð sinn.

Ef um er að ræða úrskurð mótstjórnar eða annarra telst fresturinn á sama hátt og í 4. tl.

Ef um er að ræða aðrar kæránlegar ákvarðanir skv. 1. tl. 2. gr. telst fresturinn frá því að kærandi vissi af honum.

Ef um er að ræða önnur atvik en varða einstakar skákir eða skákmót, sem er hafið, er kærufrestur ein vika og telst á sama hátt og í 1. til 5. tl., nema að talið er frá lokum þess dags, sem hin kærða athöfn átti sér stað.

Ef um er að ræða atvik er varða 13. gr. laga um Skáksamband Íslands skal kærufrestur vera einn mánuður.

5. gr.

Þegar kæra hefur borizt, skal dómstóllinn koma saman eins fljótt og hægt er. Jafnframt skal varnaraðila gert viðvart um kærana og honum gefinn stuttur frestur, þó ekki skemmri en tveir tímar, til að skýra sjónarmið sitt. Ef um úrskurð skákstjóra er að ræða, skal einnig gefa honum frest til að rökstyðja skriflega úrskurð sinn. Dómurinn getur kallað aðila fyrir og skákstjóra til að upplýsa málið betur, og eins getur dómurinn kallað fyrir vitni, ef nauðsyn krefur. Ef kærán er um galla á skákbúnaði, t.d. klukku, skal skákstjóri taka viðkomandi búnað til varðveislu til að dómurinn geti skoðað hann.

Dómstóllinn metur sjálfur um hæfi dómara til að dæma í máli og skal fara eftir almennum vanhæfisreglum íslenskra dómskapa.

Miða skal við, að úrskurður sé felldur innan sólarhrings frá því að kæra hefur borizt dómstólnum, ef málið varðar 1. mgr. 4. gr.

Nú telur dómstóllinn, að mál heyri ekki undir hann, og vísar hann þá málinu frá.

Úrskurðir dómstólsins skulu vera skriflegir. Halda skal sérstaka gerðarbók um störf hans.

6. gr.

Úrskurðir dómstólsins taka gildi frá uppsögu hans. Úrskurðurinn skal afhentur aðilum, ef þeir eru nærstaddir, en ella sendir þeim í pósti. Ef um skákmót í gangi er að ræða, skal birta úrskurðinn á skákstað.

Úrskurðir dómstólsins eru endanlegir.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett af stjórn Skáksambands Íslands með stoð í 13. gr. laga Skáksambands Íslands til að öðlast þegar gildi.

Reglugerð fyrir Íslandsmót í atskák

Samþykkt á stjórnarfundum Sí 27. október 2011

1. Skáksamband Íslands skal ár hvert halda Íslandsmót í atskák.
2. Tefld skal atskák, 25 eða 30 mínútna (á mann). Reglur FIDE um atskák gilda.
3. Undanrásir geta verið á hvaða formi sem er. En að minnsta kosti lokaviðureignir keppinnar, undanúrslit og úrslit, skulu háðar með útsláttarfyrikomulagi.
4. Í hverri umferð í útslættinum eru tefldar tvær skákir. Sá sem hlýtur fleiri vinninga kemst áfram. Sé staðan jöfn 1:1 skal háður bráðabani (10 mínútna eða 7 mínútna skák) og er dregið um liti. Ef jafntefli verður skal teflt aftur. Í þriðju skák bráðabanans er aftur dregið um liti og tefld svokölluð „Armageddon“ úrslitaskák. Sá sem dregur svart fær 6 mínútur á móti 5 mínútum andstæðingsins. Sá sem dró hvítt ræður hvaða lit hann teflir. Endi skákin með jafntefli þá vinnur sá sem dró svart.
5. Sigurvegari í úrslitakeppninni hlýtur sæmdarheitið Atskákmeistari Íslands.

Reglugerð um Íslandsmót skákfélaga

1. gr. Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga, fjórar umferðir, skal teflur á tímabilinu september til desember. Síðari hluti mótsins skal fara fram eftir áramótin og ljúka fyrir lok apríl.

2. gr.

Framkvæmdanefnd Íslandsmóts skákfélaga, sem skipuð er af stjórn Skáksambands Íslands, ákveður töfluröð og skipar skákstjóra og umsjónarmenn Íslandsmóts skákfélaga. Öllum taflfélögum, sem eiga sveitir í 1. deild, ber að útvega einn skákstjóra.

3. gr.

Tefla skal einfalda umferð í 1. og 2. deild, en stjórn SÍ skal ákveða fyrirkomulag í 3. og 4. deild, miðað við fjölda þátttökuliða.

Ef stendur á stöku í deild skal liðið sem situr hjá fá 4 vinninga í yfirsetunni.

Stjórn SÍ ákveður tímamörk skáka, en þau skulu ekki vera skemmri en kappskákartímamörk FIDE.

4. gr.

Liðsstjóra þess liðs, sem svart hefur á 1. borði, er skylt að gefa skákstjóra skýrslu um úrslit viðureignarinnar, strax að henni lokinni.

5. gr.

Hver sveit í 1. deild skal skipuð 8 keppendum, en í öðrum deildum skulu sveitir skipaðar 6 keppendum.

6. gr.

Við uppstillingu í lið skal keppendum raðað í styrkleikaröð, þannig að sterkasti skákmaðurinn tefli á fyrsta borði, sá næststerkasti á öðru borði o.s.frv.

Styrkleikaröðuðum lista skal skila á Excel formi til keppendaskra@skaksamband.is fyrir upphaf 1. umferðar keppninnar. Auðkenna skal röðina með númeri í sér dálk og raða skjalinu samkvæmt því.

Ef félag tefli fram fleiri en einu liði í keppninni skulu þau auðkennd með A, B, C o.s.frv. Lið A skal vera sterkasta lið félagsins, lið B það næststerkasta o.s.frv. Efsta borð í neðri sveit skal vera skipað af aðila sem hefur svipaðan eða minni styrkleika en neðsta borð í efri sveit.

Hverju félagi er heimilt að hafa unglínga-öldunga-og kvennasveitir sem ekki þurfa að uppfylla framangreind skilyrði. Skákmönnum þessara sveita er heimilt að tefla með öðrum sveitum, sem ekki eru unglínga-öldunga-eða kvennasveitir, hvenær sem er í keppninni en geta að því loknu ekki teflt aftur með unglínga-öldunga-eða kvennasveit. Hafi félög fleiri en eina unglínga-öldunga-eða kvennasveit skal raða þeim í styrkleikaröð og er félögunum heimilt að flytja skákmenn á milli þessara sveita á sama hátt og um almennar sveitir væri að ræða.

Auðkenna skal og skrá þessar sveitir sérstaklega t.d. <félag>-öldungasveit-A og skal sú merking ásamt eiginleikum halda sér á milli ára. Öldungar teljast skákmenn 60 ára og eldri og unglíngar 20 ára og yngri. Ákveði félag að hætta með unglínga-/öldunga-/kvennasveit þá breytist hún í venjulega sveit. Ekki er hægt að breyta venjulegri sveit í unglínga-/öldunga-/kvennasveit.

Brjótí félag gegn ákvæðum þessarar greinar við röðun í lið teljast þeir keppendur sem rangt er raðað ólöglegir og skal meðferð málsins þá vera skv. 20. gr. skáklaga.

7. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fresta viðureign ef um samgönguferfiðleika er að ræða. Sé viðureign frestað skal ákveða nýjan keppnisdag innan hálfes mánaðar. Umferð skal lokið innan mánaðar frá töfludegi.

8. gr.

Ef lið hættir keppni, hvort sem er fyrir upphaf móts, eða eftir að það er hafið, eða ef liði er vísað úr keppni, þá skal það hefja þátttöku í neðstu deild, þegar það hyggst taka þátt í mótinu næst. Við sameiningu tveggja eða fleiri félaga skal þó hið sameinaða félag halda deildarsætum viðkomandi félaga, eins og þau voru réttilega áunnin fyrir sameininguna.

9. gr.

Ef flytja þarf fleiri lið upp á milli deilda en gert er ráð fyrir skv. 17. gr. skáklaga, eða ef lið sem á að flytjast upp skv. sömu grein kýs að taka ekki sæti sitt í efri deild skal bjóða öðrum liðum úr sömu deild að taka sæti þess í efri deild. Öðrum liðum en þeim sem samkvæmt 17. gr. skáklaga eiga að færast upp er heimilt að hafna slíku boði án skýringa. Liðum úr neðri deildinni skal boðið að færast upp um deild í eftirfarandi forgangsröð:

1. Liðið sem lenti í þriðja sæti
2. Það liðanna tveggja sem féll úr efri deildinni sem lenti þar í næstneðsta sæti
3. Liðið sem lenti í fjórða sæti deildarinnar
4. Það liðanna tveggja sem féllu úr efri deildinni sem lenti þar í neðsta sæti
5. Liðið sem lenti í fimmta sæti deildarinnar og svo koll af kolli.

Almennt gildir sú regla að næsta lið sem á að fara upp hefur forgang en annars virkar á víxl.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 21. gr. skáklaga SÍ og tekur gildi við útgáfu hennar.

Keppendaskrá Skáksambandsins

1. grein

Tilgangur Keppendaskrárinnar er að gera umsýslu með keppendalistum fyrir Íslandsmót skákfélaga auðveldari, upplýstari og öruggari.

Skráin er þrískipt: skákmenn með lögheimili á Íslandi eða Íslenskir ríkisborgarar, erlendir skákmenn og félagaskiptasaga.

Íslenski hlutinn er byggður á kennitölum og sá erlendi á FIDE-kennitölum.

Skráin er vistuð hjá Skáksambandi Íslands og er aðgengileg fyrir öll skákfélög sem taka þátt í Íslandsmóti skákfélaga.

Skrifstofa SÍ ber ábyrgð á skránni, réttmæti skráninga og uppfærslu hennar.

2. grein

Skipti skákmaður um félag, nýskráist í það eða hættir í því skal hann tilkynna S.Í. það á þar til gerðu eyðublaði. S.Í. skal senda staðfestingu til baka og upplýsa bæði gamla og nýja félag hans um þetta með sannanlegum hætti. Sérstakt eyðublað á ensku þar sem félagaskiptareglur ÍS eru útskýrðar, er notað fyrir erlenda skákmenn.

3.grein

Keppendaskráin kemur fyrst út 1.júní 2010. Hún verður byggð á félagaskráum taflfélaganna sem skilað var inn fyrir ÍS 2009-2010 með athugasemdum þeirra sem skilað var inn í febrúar 2010. Þeir erlendu skákmenn sem hafa teft í ÍS á árunum 2007-2010 færast sjálfkrafa inn í skrána. Um aðra erlenda skákmenn sem félögin óska eftir að skrá inn gilda ákvæði annarar greinar. Æskilegt er að taflfélög upplýsi núverandi erlendu félagsmenn sína um félagaskiptareglur ÍS.

4.grein

Erlendir skákmenn sem ekki hafa teft með sínu félagi s.l. þrjú keppnistímabil detta út af keppendaskránni, nema umboð þeirra sé endurnýjað.

Reglugerð um Íslandsmót unglingsveita.

1.gr.

Mótið skal heita Íslandsmót Unglingsveita og gengst Skáksamband Íslands fyrir því að mótið verði haldið árlega. Sambandinu er heimilt að úthluta mótshaldinu til taflfélaga og ganga þá skráningargjöld til mótshaldara.

2. gr.

Þátttökurétt hafa öll taflfélög sem eru fullgild í skáksambandi Íslands eða tilheyra íþróttá og/eða ungmennafélagahreyfingunni ef ekki eru taflfélög á viðkomandi svæði. Félög geta sent sameinaðar sveitir til leiks ef þau ná ekki að manna sveitir með félagsmönnum. Þó getur sameinuð sveit ekki unnið mótið.

3.gr.

Eingöngu fullgildir liðsmenn viðkomandi taflfélaga geta keppt fyrir lið sitt.

4.gr.

Hver sveit er skipuð 4 einstaklingum. Fjöldi varamanna er ekki takmarkaður en þarf að liggja fyrir um leið og mótið hefst. Þá þarf einnig að liggja fyrir borðaröð sveitar. Einnig varamanna. Varamenn koma inn á neðstu borð. Td. Forfallist fyrsta borðs maður, skal annars borðs maður flytjast upp á fyrsta borð og þannig koll af kalli. Varamaður kemur inn á fjórða borð.

Röð allra keppenda skal vera rétt mv. skráningu. Ekki er hægt að flytjast milli sveita innan félags.

5.gr.

Gert er ráð fyrir að mótinu ljúki á einum degi. eða í mesta lagi á einni helgi. Keppt skal eftir monrad kerfi amk. 6 umf. Sveitir frá sama félagi eru ekki láttnar tefla innbyrðist vísvitandi í fyrstu umferð heldur verður dregið um röð. Ef sveitir eru jafnar að vinningum ráða stig. þar sem gefin eru 2 stig fyrir sigur en 1 stig fyrir jafntefli. Næst eru reiknuð monrad stig fyrir sveitirnar, svo innbyrðisviðureign og síðast borðastig þar sem 4 stig fást fyrir sigur á 1.borði en 1 stig fyrir sigur á 4. borði.

6.gr.

Þátttakendur í mótinu skulu ekki vera eldri en 15 ára (10 bekkur).

7.gr.

Hver sveit skal hafa liðsstjóra sem ber ábyrgð á að skráning í hverja umferð sé rétt, fylla út úrslit og koma til skákstjóra að hverri viðureign lokinni.

8.gr.

Ef sveit er ekki stillt upp rétt mv. borðaröð sem liggur fyrir, fyrir keppni, tapast skákin þar sem rangt var stillt upp og einnig allar skákir á borðum þar fyrir neðan í viðkomandi viðureign.

9.gr.

Tímamörk skal vera amk. lögleg atskák. Þe. ekki skemmri en 15 mínútur og er mótið reiknað til skákstiga (atskákstiga).

10.gr.

Ef upp koma álitamál skal skákstjóri úrskurða á staðnum. Hægt er að áfría dómum skákstóra til dómstóls skáksambands Íslands sem hefur endanlegt úrskurðarvald skv. almennum reglum um dómstólinn.

11.gr.

Þáttökugjöld má innheimta fyrir hverja sveit sem félag sendir til keppni. Allan ferðakostnað greiða sveitirnar sjálfar. Einnig fæðis og gistikostnað.

12.gr.

Reglugerð þessi hlýtur þegar gildi.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT BARNASKÓLASVEITA Í SKÁK

1. grein.

Skáksamband Íslands heldur árlega Íslandsmót barnaskólasveita á tímabilinu febrúar til júní. Keppnin er sveitakeppni og er öllum barnaskólum heimil þátttaka. Stjórn S.Í. er heimilt að fela aðildarfélögum þess, barnaskólum eða öðrum viðeigandi aðilum mótshaldið til lengri eða skemmri tíma.

2. grein.

Í hverri sveit skulu vera fjórir aðalkeppendur auk 1-4 til vara, sem eru nemendur 1. – 7. bekkjar barnaskólans. Skulu þeir allir vera úr sama skólanum. Þeir sem hætta í skólanum geta tekið þátt í Íslandsmóttinu. Séu þeir nemendur í öðrum skóla þegar keppnin hefst þá verða þeir að tefla fyrir þann skóla.

Tilkynna skal um borðaröð keppenda fyrir upphaf 1. umferðar og má ekki breyta röðinni eftir það. Forfallist fyrsta borðs maður skal annars borðs maður flytjast upp á fyrsta borð og þannig koll af kalli. Varamaður kemur inn á fjórða borð.

Óheimilt er að færa keppendur á milli sveita til dæmis úr b-sveit yfir í a-sveit. Keppendum skal ráðað á fyrsta til fjórða borð eftir skákstyrkleika. Við mat á skákstyrkleika skal hafa hliðsjón af skákstigum og árangri í opinberum skákmótum. Enginn keppandi má tefla fleiri en eina skák í sömu umferð.

Sé augljóslega brotið gegn ofangreindum reglum hefur skákstjóri heimild til að dæma skákir tapaðar eða beita öðrum úrræðum til úrbóta.

3. grein.

Keppnisfyrirkomulag á Íslandsmóttinu skal vera þannig að tefldar verða 6-9 umferðir eftir monrad eða svissnesku kerfi, ef næg þátttaka fæst. Að öðrum kosti skal láta sveitinar tefla einfalda umferð, allar við allar, eða skipta í undanrásarriðla og síðan yrði teflt til úrslita. Önnur atriði svo sem umhugsunartími o.fl. skulu ákveðin af mótshaldara hverju sinni.

4. grein.

Stefnt skal að því að Íslandsmót barnaskólanna fari fram á einni helgi til að auðvelda þátttöku sveita víðs vegar að af landinu.

5. grein.

Verði tvær eða fleiri sveitir jafnar og efstar að vinningum í Íslandsmótinu, skal fara fram sérstök aukakeppni milli þeirra um 1. sætið. Fyrirkomulag þeirrar aukakeppni skal ákveðið af mótshaldara hverju sinni.

6. grein.

Sigursveitin í Íslandsmótinu hlýtur rétt til þátttöku í Norðurlandamóti barnaskólasveita í skák sem fram fer á haustin.

Heimilt er stjórn S.Í. að fela taflfélögum á svæði sigursveitarinnar, Skákskóla Íslands eða öðrum ábyrgum aðilum, að annast undirbúning að þátttöku í Norðurlandamótinu.

7. grein.

Allan ferðakostnað í sambandi við þátttöku á Íslandsmótinu skulu skólasveitirnar greiða sjálfar. Einnig fæðis-og gistikostnað á meðan á Íslandsmótinu stendur.

8. gr.

Eins og fram kemur í lögum FIDE þá er utanaðkomandi aðilum (aðrir keppendur, liðstjórar, foreldrar, áhorfendur ..) óheimilt að hafa áhrif á gang einstakra skáka á neinn hátt. Dæmi um slík óheimil inngrip eru: gefa vísbendingar um leiki, láta vita um fall á tíma, ráðleggingar um jafnteflisboð eða uppgjöf o.s.frv. Undantekning frá þessu er að liðstjóri má ráðleggja um hvort taka eigi jafntefli eða bjóða jafntefli í keppni þar sem liðsstig (matchpoints) ráða úrslitum, sbr mótareglur FIDE.

Skákstjóra er heimilt að refsa þeirri sveit sem hagnast á brotinu með viðeigandi hætti. Við ítrekuð brot er skákstjóra heimilt að vísa sveit úr móti.

9. gr.

Leitast skal við að sveitir frá sama skóla tefli innbyrðis í 1.umferð. Sveitir frá sama skóla geta ekki teflt innbyrðis í síðustu umferð.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT GRUNNSKÓLASVEITA Í SKÁK

1. grein.

Skáksamband Íslands heldur árlega Íslandsmót grunnskólasveita á tímabilinu febrúar til júní. Keppnin er sveitakeppni og er öllum grunnskólum heimil þátttaka. Stjórn S.Í. er heimilt að fela aðildarfélögum þess, grunnskólum eða öðrum viðeigandi aðilum mótshaldið til lengri eða skemmri tíma.